

## Símafundur stjórnar 3. Nóvember 2016

Mætt voru Sveinn Steinarsson formaður, Vignir Sigurðsson, Eysteinn Leifsson og Hallveig sem ritaði fundargerð.

Formaður greindi frá því að búið er að greiða okkur alla inneign okkar úr Verðskerðingasjóði u.þ.b 12.5 milj, en var lagður niður um síðustu áramót (2015 – 2016). Ráðuneytið setur skilyrði um notkun fjárhæðarinnar í þá veru að hún myndi ekki aukin mótframlagsstofn í tengslum við Horses of Iceland verkefnið.

Styrkir sem sótt var um í Þróunarsjóð, v. þýðingar á hestabók og markaðsupplýsingaöflun hafa verið greiddir út til FHB og munu verða notaðir í samræmi forsendur þeirra.

Velja þarf 2 nýja fulltrúa í fagráð í hrossarækt þar sem Bjarni Páll og Vignir Siggeirsson gefa ekki kost á sér áfram. Höfum tíma til áramóta til að velja þessa fulltrúa en nokkur nöfn voru nefnd á aðilum sem koma sterklega til greina.

Rætt var um niðurfelling búnaðargjalds sem verður um n.k. áramót, en áhrif þess verða að tekjustofn félagsins minnkar um u.þ.b helming. Ræddar leiðir til fjármögnunar en ennþá eru ýmsir þættir óljósir m.a. til þess hvernig Bændasamtökin munu haga sínum málum.

Rætt um stöðu deilda í dag og hvort félagafjöldi muni haldast eða minnka við þessar breytingar.

Fjárhagsáætlun rædd. Þátttaka okkar í Horses of Iceland þýðir lækkuð útgjöld fyrir félagið þar sem útgáfa bæklinga og þátttaka í sýningum fellur að mestu leyti beint undir verkefnið.

Rædd um árgjaldið hvort leggja eigi til breytingu á því, sem og gjaldi fyrir fundarsetu til stjórnarmanna og laun formanns. Lagt til að leggja til smávægilega hækkun á árgjaldi eða um 10%.

Dagskrá komandi aðalfundar rædd og ákveðin.

Fleirra ekki gert og fundi slitið.